


Ársskýrsla námsvers 2017-2018

Í námsver leitar fjölbreyttur hópur nemenda skólans sem á í námslegum, félagslegum eða tilfinningalegum vanda. Erfiðleikar nemenda eru sértækir þannig að öll aðstoð er einstaklingsmiðuð. Aðstoðin er fyrst og fremst aðstoð við heimanám, aðstoð við að skilja texta í námsefni og verkefnum og við yfirlestur ritgerða og verkefna. Í námsveri starfa tveir kennarar, Valgerður Garðarsdóttir og Þórey Torfadóttir

Á haustönn 2017 sóttu 58 nemendur námsver eða um 5 % nemenda skólans og á vorönn 2018 sóttu 54 nemendur námsverið sem voru einnig um 5 % skólans. Auk þess sem 22 nemendur til viðbótar voru kynntir fyrir kennurum námsvers á haustönninni, og einnig 22 á vorönninni, sem nýttu sér ekki þjónustuna að sinni.


Af nemendunum 58 á haustönn 2017 voru 34 stúlkur eða 59 % og 24 drengir eða 41 %. Af nemendunum 54 á vorönn 2018 voru 34 stúlkur eða 63 % og 20 drengir eða 37 %.




Á haustönn voru fimm af 180 stúdentum skólans skjólstæðingar námsvers og á vorönn voru það fjórir af 160 stúdentum. Einn af skjólstæðingunum sem útskrifuðust á vorönn var IB nemandi.

Skipting nemendahópsins

Til að átta sig á hindrunum nemenda í námi eru þeir gróflega flokkaðir en hafa ber í huga að geta þeirra og aðstæður almennt eru alltaf einstaklingsbundnar. Innflytjendurnir eru í tveimur flokkum því hindranir þeirra í námi eru ekki alveg þær sömu. *Fyrstu kynslóðar innflytjendur* fluttust til landsins með foreldrum sínum en *annarrar kynslóðar innflytjendur* eiga báða foreldra erlenda en eru fæddir hér og uppaldir. Nemendur í fyrri hópnum lesa gjarnan og skrifa sitt móðurmál og geta fundið upplýsingar á því máli en síðari hópurinn gerir það yfirleitt ekki þó hann tali málið. Seinni hópurinn hefur talað íslensku lengur en á samt í nokkrum erfiðleikum með hana. Þriðji hópurinn eru *Íslendingar sem hafa snúið aftur heim* eftir dvöl í útlöndum með foreldrum sínum. Síðan koma *fatlaðir* nemendur sem á þessum vetri eru tveir. Annar er heyrnarlaus og fær allar kennslustundir túlkaðar yfir á táknmál. Túlkaði þórey hluta kennslustundanna, og annað tilfallandi innan skólans, auk þess sem túlkar frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra túlkuðu kennslustundir. Hinn fatlaði nemandinn er hreyfihamlaður og fylgir sérstakur starfsmaður skólans honum allan skóladaginn. Í flokknum *aðrir* eru íslenskir nemendur sem þurfa aðhald eða sækjast af einhverjum ástæðum eftir að vinna sín verkefni í námsverinu. Þar eru m.a. nemendur með athyglisbrest, lesblindir, kvíðnir, veikir, einmana, nemendum utan að landi og jafnvel ættleiddir sem kunna vel við sig í þeirri menningarsamsuðu sem myndast hjá svona fjölbreyttum nemendahópi. Á eftirfarandi myndum sést hlutfallaskipting nemenda sem komu í námsver haust 2017 og vor 2018. Nemendur koma misoft sumir örsjaldan og aðrir nærri daglega en það kemur ekki fram á myndunum. Heildarfjöldi nemenda haust 2017 var 59.




Hlutfallsskipting nemenda sem komu í námsver vor 2018, heildarfjöldinn var 54 nemendur.




Móðurmál innflytjenda vor 2018

Af 22 innflytjendum af fyrstu og annarri kynslóð voru 16 frá suð-austur Asíu, 5 frá austanverðri Evrópu og einn frá Afríku.



Nemendur sem eiga tónamál að móðurmáli eins og kínversku, tælensku eða víetnömsku þurfa mikinn stuðning við að læra beygingarmál eins og íslensku og ensku og fleiri indóevrópsk mál sem kennd eru við skólann. Orðaforðinn er óskyldur móðurmáli þeirra og setningaskipanin þeim snúið viðfangsefni. Beygingarmyndir eru fjölmargar eins og í

nafnorðum, lýsingarorðum og fornöfnum að ógleymdum sögnunum. Enskar sagnir hafa mest fjórar beygingar en þær íslensku hafa 18 til 40 beygingarmyndir. Þannig að verkefni í tungumálanáminu eru ærin. Nemendur með ofangreind móðurmál eiga það til að verða þaulsetnir í námsveri skólans því þar hafa þeir aðgang að fullorðnum íslenskum málhöfum sem þeir hafa kannski ekki annars staðar. Til að átta sig á hlutfalli nemenda sem eiga tónamálin kínversku, tælensku og víetnömsku að móðurmáli og sækja námsverið vor 2018 er sett fram eftirfarandi hringjaprenna.




Á milli fyrstu og annarrar myndar falla innflytjendur frá Evrópu og Afríku út úr minni reitnum. Á milli annarrar og þriðju myndar falla nemendur frá Filippseyjum út úr reitnum.

Fjöldi nemenda á viku

Þegar teknar eru vikurnar 12 sem voru með fimm daga kennsluviku á vorönn 2018 og reiknaðar komur nemenda í námsver í þeim fæst að meðaltalið er 72 komur nemenda á viku. Hver kennslustund er talin sér, þannig að ef nemandi situr í verkefnavinnu í tvær kennslustundir er það talið sem tvær komur. Einnig ef nemandi kemur í frímínútum og fær aðstoð við verkefni sín er það talið sem ein koma. Ef vikunum er raðað eftir fjölda eru fjöldi koma eftirfarandi: 56,68,72,57,73,69,82,76,78,75,81 og 91. Í vikunni 29. janúar til 2. febrúar

bað Háskóli Íslands upp á háskólaherminn og getur það skýrt færri komur í námsver þá viku. Áréttað er að á bak við hverja komu er mismikil vinna fyrir kennara námsvers.



Grunnkennsla í íslensku og ensku.

Sú nýbreytni var á önninni að einum nýnemenda, stúlku frá Víetnam, var kennd íslenska í námsveri af kennurum þar á haustönn án þess að vera í íslenskuáfanga í skólanum og ensku á vorönn án þess að vera skráð í áfanga í þessum fögum. Tildrögin fyrir íslenskukennslunni voru sú að hún var sett í fyrsta áfanga í íslensku sem reyndist henni of erfiður. Enginn áfangi í íslensku sem annað mál var í boði á önninni og því var brugðið á það ráð að hún lærði íslensku í námsverinu. Á vorönninni sat hún áfanga í íslensku sem annað mál. Kunnátta hennar í ensku var heldur ekki næg til að hún gæti setið fyrsta áfanga í faginu og var henni kennd hún í námsveri á vorönn. Hún þarf enn að bæta við sig kunnáttu í ensku til að geta setið fyrsta áfanga, Ensk 2AA, þannig að það þarf að finna leið til að undirbúa hana á næstu önn.

Stöðumat í tungumálum

Samvinna var í vetur við Jóhönnu námsstjóra vegna stöðumats í tungumálum. Á haustönn voru stöðupróf í fjórum tungumálum, rússnesku, eþjópísku, tælensku og serbnesku. Alls voru fimm nemendur metnir í þessum fjórum tungumálum. Á vorönn var stöðumat í sex tungumálum, rússnesku, kínversku, pólsku, filippeysku/tagalog, hebresku og víetnömsku. Alls voru 11 nemendur metnir í þessum sex tungumálum. Fór stöðumatið ýmist fram í stofu 45 eða 46.

Valkennari

Á vorönn gerðist Valgerður valkennari 25 skjólstæðinga námsvers. Undanfarin ár hafa nemendurnir fengið aðstoð við val í námsverinu og var því í raun um tvíverknað að ræða að láta aðra valkennara fara aftur yfir val þeirra.

Gestir

Norrænir gestir litu öðru hvoru inn í námsverið í vetur með Lovísa dönskukennari og fengu stutta kynningu á starfseminni. Einhverjum Dönnum varð það á orði að námsverið líktist dönsku lektiecafe. Að vanda kynnti Valgerður námsverið fyrir kennaranemum á vorönn og unnu fjórir nemanna síðan þróunarverkefni út frá námsverinu. Í kynningu á Miklagarði í apríl fyrir kennara og skólastjórnendur frá ýmsum Evrópulöndum kynnti Valgerður námsverið.

Tekið saman af Valgerði Garðarsdóttur